

Reykjanesbær 17.11.2022

Berist til: Hafnarstjóra / Stjórn Reykjaneshafna

Efni: Ósk um lóðastækkun Hafnarbraut 4


Höskuldarkot ehf, nýr eigandi Hafnarbrautar 4 óskar eftir stækkun lóðar við núverandi húsnæði á lóðinni. Meðfylgjandi er gróf tillaga að nýju lóðarblaði. Blá lína er núverandi lóðarmörk og grænritað svæði er ósk um stækkun. Óskað er eftir að Hafnarstjóri og stjórn fundi um málið og leggi blessun sína yfir stækkun lóðar áður en eigandi heldur í næsta skref sem væri þá að fá nákvæmari uppdrátt á nýju lóðarblaði.

Þessi stækkun er í takti við þá stækkun lóðar sem nýlega var samþykkt við Hafnarbraut 2. Þar kom fram, að fyrir hefur legið að útfæra lóðina í kringum það hús þannig að hún nýttist viðkomandi húsnæði betur. Við getum mögulega verið sammála að slíkt hið sama eigi við að Hafnarbraut 4.

„Framtíðarmúsík“ okkar nýju eigenda er svo að teikna upp glæsilegt iðnaðarhús sem mun rísa í áföngum á lóðinni, sem yrði svæðinu og umhverfi þess til prýðis.

Fyrirfram þakkir

F.h. Höskuldarkots ehf


Skúli B. Sigurðsson 17.11.22